

LÖG

um breytingu á lögum nr. 73/2005, um skipan ferðamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. A-liður 1. tölul. orðast svo: Skipulagningu ferða hópa og einstaklinga, innan lands og erlendis.
- b. D-liður 1. tölul. orðast svo: Dagsferðir sem fela í sér ýmiss konar afþreyingu og frí-
stundaiðju, svo sem hestaferðir, vélsleðaferðir, fljótasiglingar og ævintýraferðir með sérútbúnum ökutækjum.

2. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Ferðamálastofa skal eiga myndrænt auðkenni sem leyfishafi skal nota í hvers kyns aug-
lýsingum um starfsemi sína og á heimasíðu sinni. Í sérstökum tilvikum er Ferðamálastofu
heimilt að veita undanþágu frá ákvæði þessu og skal leyfishafi sækja um slíka undanþágu til
Ferðamálastofu.

3. gr.

Í stað orðanna „30. apríl“ í 3. mgr. 18. gr. laganna kemur: 1. október.

4. gr.

Í stað orðsins „verður“ í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur: er úrskurðaður.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 26. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Hver sá sem rekur leyfissskylda eða skráningarskylda starfsemi án tilskilins leyfis eða
skráningar skal sæta sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.
Gildir þetta jafnt um þá sem reka starfsemi án leyfis og þegar starfsemi samræmist ekki
útgefnu leyfi eða skráningu. Heimilt er jafnframt í tilefni brota að beita úrræði 3. mgr.
um lokun starfsstöðvar þar sem brot er framið.

b. 3. mgr. orðast svo:

Ef leyfis- og skráningarskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum er rekin án tilskilins leyfis eða skráningar ber lögreglustjóra, að beiðni Ferðamálastofu og án fyrirvara eða aðvörunar, að stöðva starfsemina, þar á meðal með lokun starfsstöðvar og lokun heimasíðu. Á það við um eftirfarandi tilvik:

1. Þegar ekki hefur verið gefið út leyfi vegna leyfisskyldrar starfsemi eða skráningarskyld starfsemi ekki skráð, leyfi hefur verið lagt inn, það afturkallað eða leyfishafi sviptur því.
2. Þegar leyfis- og skráningarskyld starfsemi fer út fyrir mörk útgefins leyfis eða skráningar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. desember 2007.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Kristján L. Möller.